2017

# Hjólavænn vinnustaður

Hjólafærni á Íslandi

11/27/2017

# Hjólavænn vinnustaður- hjólavottun

HAFNARFJARÐARBÆR – NORÐURHELLA 2

TÍMABIL ÚTTEKTARINNAR – ALMENNT UM MATIÐ

Fulltrúi Hjólafærni, Sesselja Traustadóttir, hitti Berglindi Guðmundsdóttur að Norðurhellu 2 föstudaginn 17. nóvember kl. 10 – 11.30.
Farið í gegnum Gátlista – Hjólavottun vinnustaða.
Skor Hafnarfjarðarbæjar, starfsstöð Norðurhella 2, var ekki nema 41 stig af 100 mögulegum.
Þessi starfsstöð hefur því í dag, aðeins skor sem nægir í Bronsvottun.
Bronsvottun miðast við 25 – 49 stig.
Aðstaða fyrir starfsmenn og þeirra reiðhjól er með ágætum en stefnu skortir og stöðumat nánast óþekkt.

Enn er eftir að ákveða hvenær Hafnarfjarðarbær vill taka við formlegri viðurkenningu á Hjólavottuninni. Við erum með dagsetningar fyrir viðurkenningar afhendinguna í maí, við lok Hjólað í vinnunna og í Evrópsku samgönguvikunni á haustin, 16. – 22. september.

Reykjavík, 27. 11. 2017

| ______________________________ | ______________________________ |
|---|---|
| Sesselja Traustadóttir | Berglind Guðmundsdóttir |
| framkvæmdastýra Hjólafærni á Íslandi | Landslagsarkitekt á Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar |

UM HJÓLAVOTTUNINA

Hjólavottun vinnustaða er hvatning til vinnustaða, að huga að aðstöðu fyrir reiðhjól viðskiptavina og starfsmanna sem og samgöngustefnu fyrirtækjanna. Vinnustaðir geta fengið annað hvort Gull (75 stig eða meira), Silfur (50 – 74 stig) eða Bronsvottun (25 – 49 stig) eftir því hve hjólreiðavænir þeir eru. Hjólafærni á Íslandi annast úttekt vinnustaðanna og veitir ráðgjöf um úrbætur. Hjólavottun var búin til af Hjólum.is

Hjólum.is er samfélagslegt samstarfsverkefni Hjólafærni á Íslandi, Landsbankans, Vínbúðarinnar, Varðar, Rio Tinto, Landsvirkjunar, Reykjavíkurborgar og TRI.

Hjólavottunin gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

Til athugunar að lokinni úttektarheimsókn:

1. **Hjól viðskiptavina – lína 4 í gátlista.**
   Við aðalinngang gesta væri gott að setja upp einfalda hjólaboga og staðsetja þá undir skyggninu þannig að síður rigni á hjólin. Við bendum á tvo innlenda framleiðendur: http://www.krumma.is/
   - sjá;



**Reiðhjólagrind 1672S3 + 738**

   - Aðrir innlendir framleiðendur sem við getum bent á er FerroZink: http://www.ferrozink.is/

2. Hafnarfjarðarbær mætti einnig huga að því að vera með viðgerðarstand/-a við lykilbyggingar bæjarins eins og sýndur er á myndinni hér til hliðar.
   Þarna eru verkfæri og pumpa og hægt að lyfta hjólinu upp í þægilega stöðu.

   Fossberg hefur verið með þessa standa í sölu:

   http://fossberg.is/?prodid=1758





**Gera sýnilega hvatningu til að hlaða rafmagnshjól**

3. **Viðgerðasamningar við hjólaverkstæði – lína 39.**Tvær sérverslanir með reiðhjól eru tilbúin að bjóða ykkur sem Hjólavænn vinnustaður, afslátt af sinni þjónustu. Fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar getur sett sig í samband við:
TRI verslun á Suðurlandsbraut,
Valur Rafn starfsmaður valur@tri.is
GÁP verslun í Faxafeni,
Eiríkur Vigfússon starfsmaður eirikur@gap.is
   - set einnig í viðhengi með tölvupóstinum tilboð frá GÁP á viðgerðarstandi, verkfærum og pumpu.

4. **Samgöngukönnun – lína 58** Hér er slóð á samgöngukönnun sem er á Google docs formi.
https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSeMM1Z8AOkwoxJSxzM6h_MXwrXv2eL9XxdzO05uQE9a-H0_rw/viewform
Ef þið viljið nota hana, þá skal ég deila henni með ykkur og þið getið í framhaldinu gert ykkar eigin útgáfu.

5. Við tölum um **korterskortið – lína 42**; á heimasíðu Hjólafærni eru nokkrar útgáfur fyrir mismunandi þéttbýlisstaði landsins: http://hjolafaerni.is/samgonguhjolreidar/korterskort
Einnig er heimasíðan https://map.bikecitizens.net/is-reykjavik#/!/1/1/-,-/-,- mjög skemmtileg. Þar er gagnagrunnur sem byggir á open street maps og hægt að sjá hvert maður kemst á 5, 10 eða 15 mín. Einnig ágætar mælieiningar á hve löng ferðin er á hjóli.



6. **Stefnumótun – lína 52**
Að hvetja starfsmenn til að breyta samgönguvenjum; lána þeim rafmagnsreiðhjól.
Ég sendi ykkur þessa samantekt sem samþykkt var á fundi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar 18. okt. sl. vegna hugmynda um að bjóða rafmagnsreiðhjól til útláns
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_hjolreidaaaetlun.pdf
Þar segir m.a.:
*„5.2 Kostnaður við að leigja hjól Til að fá hugmynd um stærðargráðu kostnaðs Reykjavíkurborgar við að leigja hjól fyrir verkefnið þá byggjum við á samanburðartölum frá Örninn. Þeir bjóða fyrirtækjum upp á að leigja rafmagnshjól (í að lágmarki 6 mánuði) fyrir 25.000 ísl. kr á mánuði fyrir utan virðisaukaskatt. Út frá þessu má áætla að kostnaðurinn gæti verið að stærðargráðunni 3,8 milljónir ísl. kr (fyrir 25 hjól í 6 mánuði). Svo er hugsanlegt að hægt sé að semja um lægri verð með tilliti til fjölda hjóla sem og afslátt gegn því að hjólabirginn fái nafn sitt á verkefnið sem þáttakandi í verkefninu.“*

Hjólabúðin TRI, sem einnig er tilbúin að bjóða afslátt af vörum og þjónustu, er einnig með í boði svipuð leigukjör á rafmagnshjólum eins og hér er kynnt. Mánaðarleigan hjá þeim er 20.000 kr. + vsk.

# Gátlisti - Hjólavottun vinnustaða

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | **Gátlisti frá 24. mars 2017** | | | |
| 2 | **Dagsetning: 17. nóv. 2017** | **Nafn þess sem gerir úttektina, sími og netfang: Berglind Guðmundsdóttir** | | |
| 3 | **Nafn fyrirtækis og vinnslustöð/svið/ útibú: Hafnarfjarðarbær, Norðurhella 2** | **Hámark stiga** | **Stigagjöf vottunar** | **Viðmið til vottunar** |
| | | **14** | **7** | **Samtals** |
| 4 | **Hjól viðskiptavina** | | | |
| 5 | **A. liður - mest 6 stig** | | | |
| 6 | Hjólastæði viðskiptavina eru einföld og ekki hægt að læsa stellinu við. | 2 af 6 | 2 | Hér er átt við stæði sem eru stundum nefnd gjarðarbanar, þar sem hætta er á að gjörð verði fyrir tjóni í vindi eða við annað hnjask. Það veitir hjólastellinu engan stuðning.<br>Hægt að fá 2 stig. Þau stig falla út ef stig koma til í næsta lið, í línu 7. |
| 7 | Hjólastæði fyrir viðskiptavini eru örugg, það er hægt að læsa stellinu við. | 6 af 6 | 0 | Einkum erum við að óska eftir að sjá hér stönduga hjólaboga sem gott er að læsa stellinu við og hjólið fari ekki á hliðina þó eitthvað blási á það.<br>Hér er hægt að fá allt að 6 stigum. Stig úr línu 6 falla út ef verður stigaskor í þessum lið. |
| 8 | **B. liður - mest 4 stig** | | | |
| 9 | Hjólastæði fyrir viðskiptavini eru við innganginn. | 2 af 4 | 0 | Þau mega ekki vera lengra en í 20 m fjarlægð frá inngangi til að skora hér 2 stig - fellur út ef lína 11 gefur 4 stig. |
| 10 | Hjólastæði viðskiptavina eru undir þaki. Lýsing | 2 af 4 | 1 | Þakið þarf að skýla fyrir regni. Eins er gert ráð fyrir að hér sé virk lýsing eftir að dagsljós dvín. Gefur 2 stig - fellur út ef lína 11 gefur 4 stig. |
| 11 | Hjólastæði viðskiptavina eru í skjólsælu skýli við innganginn eða innandyra. Lýsing. | 4 af 4 | 0 | Hér gerum við ráð fyrir að viðskiptavinum sé boðið að leggja hjólinu í góðu skjóli, við innganginn eða innandyra. Lýsing þarf að vera til staðar. Gefur 4 stig og stig úr lið 9 og 10 falla út, séu þessi stig talin. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12 | **C. liður - mest 4 stig** | | | |
| 13 | Hjólapumpa fyrir viðskiptavini | 1 af 1 | 1 | Ef pumpa eða verkfæri eru til afnota fyrir viðskiptavini, er mikilvægt að það sé gert sýnilegt við hjólastæðin. Pumpa gefur eitt stig. Gætið að því að hún geti sinnt ólíkum ventlum: http://wiki.openstreetmap.org/wiki/Tag:amenity%3Dcompressed_air#Valve_types |
| 14 | Viðgerðaraðstaða fyrir viðskiptavini | 2 af 2 | 2 | Ef viðskiptavinir hafa aðgang að einhverjum verkfærum til hjólaviðgerða, er gott að það sé gert sýnilegt við hjólastæðin (auglýst). Við mælum með og bendum á að þetta nýtist einnig fyrir starfsmenn:<br>Sexkantasett, Lyklasett, 15mm pedalalykill, Stjörnuskrúfjárn, Skrúfjarn,<br>Standpumpa með munnstykki fyrir bæði franska ventla og bílventla.<br>Keðjuolíu.<br>Slönguviðgerðasett og felguþrælar<br>Upphengi fyrir hjólastell. |
| 15 | Aðstaða til að þurrka/ hengja upp yfirhafnir viðskiptavina | 1 af 1 | 1 | Mikilvægt að hér lofti vel um hið blauta. Gott er að geta lagt ofan á ofn, blauta hanska og buff. |
| | | | | |
| 17 | **Hjól starfsmanna** | **14** | **10** | **Samtals** |
| 18 | **A. liður - mest 6 stig** | | | |
| 19 | Hjólastæði starfsmanna eru einföld og ekki hægt að læsa stellinu við. | 2 af 6 | 2 | Hér er átt við stæði sem eru stundum nefnd gjarðarbanar, þar sem hætta er á að gjörð verði fyrir tjóni í vindi eða við annað hnjask. Það veitir hjólastellinu engan stuðning.<br>Hægt að fá 2 stig. Þau stig falla út ef stig koma til í næsta lið, í línu 20. |
| 20 | Hjólastæði starfsmanna eru örugg, það er hægt að læsa stellinu við. | 6 af 6 | 0 | Einkum erum við að óska eftir að sjá hér stönduga hjólaboga sem gott er að læsa stellinu við og hjólið fari ekki á hliðina þó eitthvað blási á það.<br>Hér er hægt að fá allt að 6 stigum. Stig úr línu 19 falla út ef verður stigaskor í þessum lið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 21 | **B. liður - mest 4 stig** | | | |
| 22 | Hjólastæði fyrir starfsmenn eru við innganginn. | 2 af 4 | 0 | Þau mega ekki vera lengra en í 20 m fjarlægð frá inngangi til að skora hér 2 stig - fellur út ef lína 24 gefur 4 stig. |
| 23 | Hjólastæði starfsmanna eru undir þaki. Lýsing. | 2 af 4 | 0 | Þakið þarf að skýla fyrir regni. Eins er gert ráð fyrir að hér sé virk lýsing eftir að dagsljós dvín. Gefur 2 stig - fellur út ef lína 24 gefur 4 stig. |
| 24 | Hjólastæði starfsmanna eru í skjólsælu skýli við innganginn eða innandyra. Lýsing. | 4 af 4 | 4 | Hér gerum við ráð fyrir að starfsmönnum sé boðið að leggja hjólinu í góðu skjóli, við innganginn eða innandyra. Lýsing þarf að vera til staðar. Gefur 4 stig og stig úr lið 22 og 23 falla út, séu þessi stig talin.<br>Veitið því athygli að eitt bílastæði, rúmar 10 reiðhjólastæði. Því mælum við eindregið með því að amk 1 - 2 vel staðsett stæði í bílastæðahúsum séu merkt og frátekin fyrir reiðhjól starfsmanna. |
| 25 | **C. liður - mest 4 stig** | | | |
| 26 | Hjólastæði starfsmanna eru þjófavarinn. | 4 af 4 | 4 | Við gerum ráð fyrir að þjófavarinn hjólastæði séu læst öðrum en starfsmönnum. Okkar viðmið er að þar sé pláss fyrir reiðhjól 15% allra starfsmanna. |
| [redacted] | | | | |
| 28 | **Aðstaða fyrir starfsmenn** | **10** | 8 | **Samtals** |
| 29 | **A. liður - mest 6 stig** | | | |
| 30 | Sturta og aðstaða til að skipta um föt. | 4 af 6 | 0 | |
| 31 | Sturta og læstir skápar fyrir fatnað. | 6 af 6 | 6 | Til að fá fullt hús stiga í þessum lið, gerum við ráð fyrir að 10% starfsmanna sé með aðgang að læstum skápum fyrir fatnað. |
| 32 | **B. liður - mest 4 stig** | | | |
| 33 | Þurrkherbergi eða þurrkskápar. | 4 af 4 | 2 | Rými sem tekur amk alfatnað í þurrkun fyrir 2 - 4 í senn á skömmum tíma, hreinlegt og með góðu aðgengi. |
| [redacted] | | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 35 | **Þjónusta** | **10** | 8 | **Samtals** |
| 36 | Hjólapumpa fyrir starfsmenn. | 2 af 10 | 2 | Ef pumpa eða verkfæri eru til afnota fyrir starfsmenn, er mikilvægt að það sé gert sýnilegt við hjólastæðin. Pumpa gefur 2 stig ef hún getur sinnt ólíkum ventlum: http://wiki.openstreetmap.org/wiki/Tag:amenity%3Dcompressed_air#Valve_types |
| 37 | Viðgerðaraðstaða fyrir starfsmenn, verkfæri/standur/krókar. | 4 af 10 | 4 | Ef starfsmenn hafa aðgang að einhverjum verkfærum til hjólaviðgerða, er gott að það sé gert sýnilegt við hjólastæðin (auglýst).<br>Við mælum með:<br>Sexkantasetti, lyklasetti, 15mm pedalalykill, Stjörnuskrúfjárn, Skrúfjarn,<br>Standpumpa með munnstykki fyrir bæði franska ventla og bílventla.<br>Keðjuolíu.<br>Slönguviðgerðasett og Felguþrælar<br>Upphengi fyrir hjólastell. |
| 38 | Hleðsla fyrir rafmagnshjól til staðar. | 2 af 10 | 2 | Þó að framleiðendur rafmagnshjóla séu með ólíkar gerðir hleðslutengla, er gott ef fyrirtæki reyni að eignast nokkra af algengustu tenglunum sem notuð eru við hleðslu. Best ef hægt er að hlaða rafhlöðurnar á hjólunum. Annars að bjóða starfsmönnum að setja rafhlöður í samband á góðum stað. |
| 39 | Viðgerðasamningar við hjólaverkstæði. | 2 af 10 | 0 | Flest betri hjólaverkstæði landsins eru tilbúin að semja um einhver afsláttarkjör. Á Cycling Iceland vefnum eru öll helstu verkstæðin kynnt á aðalkorti vefsins. http://cyclingiceland.is/wp-content/uploads/2016/08/web-cycling-map-2016-front.pdf |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 41 | **Hjólreiðamenning** | **14** | **8** | **Samtals** |
| 42 | Starfsmenn hafa fengið kynningu á "korterskorti" út frá vinnustaðnum. | 2 af 14 | 0 | Þetta er fyrst og fremst til að minna fólk á, hversu stuttar vegalengdir við erum flest að fara, dags daglega. Á heimasíðu Hjólafærni eru nokkrir þéttbýlisstaðir kynntir með korterskorti; http://hjolafaerni.is/samgonguhjolreidar/korterskort |
| 43 | Árlegar hjólaskoðanir í boði á hjólum starfsmanna. | 4 af 14 | 0 | Á vorin er mjög hvetjandi fyrir hjólreiðar í og úr vinnu að bjóða starfsmönnum fría ástandsskoðun á reiðhjólum. Skoðunin sem er eðlilegt að miða við er t.d. Síða 9 í þessum kennsluleiðbeiningum: http://vefir.mms.is/klb/hjolumognjotum_klb.pdf Hjólafærni á Íslandi býður þjónustu Dr. Bæk á vinnustaði til að sinna ástandsskoðun. Hægt er að semja við hjólaverkstæði um móttöku reiðhjóla í skoðun eða fá starfsmenn þaðan til að koma á vinnustaðinn. |
| 44 | A.m.k. árlega eru fyrirlestrar eða atburðir sem hvetja til hjólreiða. | 4 af 14 | 4 | Það er til fyrirmyndar að vera með virkar samgöngur á meðal þess sem kynnt er í fræðsluerindum fyrirtækja. Hjólafærni á Íslandi býður nokkur slík erindi: http://hjolafaerni.is/thonusta/fyrirlestrar Eins má benda á Samgöngustofu, verkfræðistofur, Hjólaþjálfun og fleiri sem geta miðlað erindum um virkar og umhverfisvænar samgöngur. |
| 45 | Vinnustaðurinn tekur þátt í „Hjólað í vinnuna“. | 4 af 14 | 4 | Þetta er árlegur hvatningaleikur á vegum ÍSÍ og hvetur til virkra samgangna. Til fyrirmyndar að vera með og enn betra ef öflugur starfsmaður fær það hlutverk að hvetja samstarfsmenn með í leikinn: http://www.hjoladivinnuna.is/ |

hjólafærni

hjólavottun

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 47 | **Jafnræði samgöngumáta** | **14** | **0** | **Samtals** |
| 48 | Samgöngusamningar eru í boði á vinnustaðnum. Greitt fyrir að nýta vistvæna samgöngumáta. | 8 af 14 | 0 | Við hvetjum alla vinnustaði til að bjóða starfsmönnum samgöngusamninga. Þeir eru vel kynntir á heimasíðu Landssamtaka hjólreiðamanna http://lhm.is/lhm/skjol/879-samgongusamningar<br>Samkvæmt reglum skattstjóra má greiða starfsmönnum allt að 7.500 kr (1. jan 2016) mánaðarlega án þess að það séu skattskyld hlunnindi, sé farið með almenningssamgöngum eða notaður vistvænn samgöngumáti (ganga eða hjól) frá heimili að vinnustað. |
| 49 | Aðgangur að hjóli eða fríum strætómiðum ef starfsmenn þurfa að fara á milli staða á vinnudegi. | 3 af 14 | 0 | Hér bendum við sérstaklega á gæði rafmagnsreiðhjóla. Með þeim er sérlega gott að fara greiðlega á milli staða án líkamlegrar áreynslu. |
| 50 | Aðgangur að bíl ef starfsmenn þurfa að skreppa frá á vinnutíma. | 3 af 14 | 0 | Með því að tryggja starfsmönnum aðgang að farartækjum á vegum fyrirtækisins, losar það þörf starfsmanns við að koma á eigin bíl til vinnu. Rafmagnshjól eru sérlega góður kostur að bjóða og ef þarf að flytja varning, hvetjum við fyrirtæki til að koma sér upp öflugu nytjahjóli, sem flytur pakka og fólk. |
| | | | | 0 |
| 52 | **Stefnumótun** | **12** | **0** | **Samtals** |
| 53 | Vinnustaðurinn hefur sett sér samgöngustefnu. | 3 af 12 | 0 | Vinsamlega sendið okkur afrit af samgöngustefnunni sem viðhengi, takk. |
| 54 | Í samgöngustefnunni er rík áhersla á hjólreiðar og virkar samgöngur. | 3 af 12 | 0 | Vinsamlega gerið grein fyrir því með hvaða hætti áherslan er kynnt innan fyrirtækisins. |
| 55 | Vinnustaðurinn hvetur starfsmenn til hjólreiða. | 3 af 12 | 0 | Vinsamlegast gerið grein fyrir hvernig staðið er að þeirri hvatningu, takk. |
| 56 | Á vinnustaðnum eru gerðar kannanir á samgönguhegðun. | 3 af 12 | 0 | Vinsamlega sendið okkur afrit af könnuninni og helstu niðurstöður úr henni, takk. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 58 | **Núverandi staða (könnun framkvæmd í sept/okt eða meðaltal vetur/sumar) Hjólafærni á Íslandi á dæmi um könnun sem má gjarna nota og leggja fyrir starfsmenn. Það þarf bara að óska eftir henni í tölvupósti.** | **12** | **0** | **Samtals** |
| 59 | 20-35% starfsmanna koma til vinnu með vistvænum hætti. | 4 af 12 | 0 | |
| 60 | 35-50% starfsmanna koma til vinnu með vistvænum hætti. | 8 af 12 | 0 | |
| 61 | Yfir 50% starfsmanna koma til vinnu með vistvænum hætti. | 12 af 12 | 0 | |
| 63 | **Hámarksfjöldi stiga í vottun** | **100** | **41** | **Heildarstig vottun** |
| 64 | Myndir má gjarna setja inn á næsta flipa. Sendið skjalið sem viðhengi, bæði í exel og sem pdf skjal á hjolafaerni@hjolafaerni.is | **Vottun** | **Áhaldastrætó smalar saman starfsmönnum til að koma í vinnuna.** | |
| 65 | | Gull; 75 - 100 stig | | |
| 66 | | Silfur; 50 - 74 stig | | |
| 67 | | Brons; 25 - 49 stig | | |